

245. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGUR 19. FEBRÚAR 2016 KL 9:00

haldinn á Biskupsstofu

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning
2. Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, reist á erindisbréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015, lögð fram
3. Upplýsingafundur um álitsgerð skipulagður
4. Önnur mál
 - a. Tillaga kirkjuráðsmanns
 - b. Minnisblað biskups dagsett 6. janúar 2016
 - c. Í kjölfar upplýsingafundar

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Einar Karl Haraldsson varamaður í kirkjuráði. Svana Helen Björnsdóttir hafði boðað forföll.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Biskup setti fund að lokinni morgunsamveru með starfsfólki Biskupsstofu.

2. ÁLITSGERÐ UM VALDMÖRK BISKUPS ÍSLANDS OG KIRKJURÁÐS ÞJÓÐKIRKJUNNAR, REIST Á ERINDISBRÉFI KIRKJURÁÐS 20. NÓVEMBER 2015

Með bréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015 voru Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Pétur Kr. Hafstein fyrrum hæstaréttardómari og Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands fengnir til að greina, skýra og gefa álit á ábyrgð biskups Íslands annars vegar og kirkjuráðs hins vegar þannig að glögglega mætti greina á milli ábyrgðar, vald- og verksviðs hvors aðila um sig.

Nefndin skilaði álitsgerð sinni 12. febrúar sl. sem kirkjuráð er nú með til umfjöllunar.

3. UPPLÝSINGAFUNDUR UM ÁLITSGERÐ – SKIPULAG

Kirkjuráð hefur nú mótttekið ofangreinda álitsgerð og hefur óskað eftir að eiga upplýsingafund með höfundum álitsgerðarinnar. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs hefur þegar boðað til þess fundar sem verður kl. 10:30 í dag í Háteigskirkju.

Biskup Íslands óskaði eftir að eftirfarandi athugasemd yrði færð til bókar:

Biskup Íslands lýsir yfir óánægju sinni með að framkvæmdastjóri kirkjuráðs skyldi ekki hafa haft samráð við biskup við boðun og undirbúning þess fundar og ákvörðun um fundartíma. Ljóst er að kirkjuráð hafði ekki tekið álitsgerðina til umfjöllunar á formlegum fundi eða vísað umfjöllun um hana í tiltekinn farveg. Þar af leiðandi var ekki búið að ákveða á löoglegan máta að boða upplýsingafundinn.

Stefán Magnússon, séra Elínborg Gísladóttir og séra Gísli Gunnarsson óskuðu eftir að eftirfarandi athugasemd yrði færð til bókar:

Samkvæmt tölvupósti mátti ljóst vera að allir fulltrúar í kirkjuráði máttu vera upplýstir um fyrirhugaðan fund sem framkvæmdastjóra var falið að boða.

Kirkjuráð samþykkti að efna til upplýsingafundar um álitserðina í dag kl. 10:30 í Háteigskirkju.

Á þeim upplýsingafundi munu höfundar álitserðarinnar kynna innihald álitserðarinnar og svara fyrirspurnum kirkjuráðs. Til þess upplýsingafundar hefur framkvæmdastjóri kirkjuráðs einnig boðað varamenn kirkjuráðs, vígslubiskupa, forsætisnefnd kirkjuþings og formenn fastanefnda kirkjuþings. Að auki boðaði biskup til fundarins prófaste, stjórn PÍ og starfsfólk Biskupsstofu.

Biskup mun annast fundarstjórn.

4. ÖNNUR MÁL

a. Tillaga kirkjuráðsmanns.

Stefán Magnússon lagði fram eftirfarandi tillögu í þremur liðum:

- 1) *Farið er fram á að kirkjuráði verði afhent yfirlit yfir alla þá útgjaldaliði sem fóru fram úr samþykktum fjárhagsáætlun Biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015.*
- 2) *Farið er fram á að kirkjuráði verði afhent yfirlit yfir allar þær greiðslur, hverju nafni sem þær nefnast, úr Kirkjumálasjóði sem framkvæmdastjóri kirkjuráðs skrifaði ekki upp á árið 2015.*
- 3) *Greiðslur, hverju nafni sem þær nefnast, úr þeim sjóðum sem Kirkjuráð ber sérstaklega ábyrgð á þ.e. Kirkjumálasjóði, Kristnisjóði og Jöfnunarsjóði sókna, eru óheimilar nema framkvæmdastjóri kirkjuráðs skrifi upp á þær.*

Kirkjuráð samþykkti tillöguna.

b. Minnisblað biskups dagsett 6. janúar 2016.

Málinu frestað til næsta fundar.

c. Í kjölfar upplýsingafundar.

Kirkjuráð mun fjalla um fyrrnefnda álitserð á næsta kirkjuráðsfundi sem hefur verið ákveðinn 2. mars nk.

Kirkjuráð þakkar lögfræðingunum þremur, Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, Pétri Kr. Hafstein fyrrum hæstaréttardómara og Trausta Fannari Valssyni dósent við lagadeild Háskóla Íslands góð störf.

Fundi var frestað kl. 10:00.

Fundi var framhaldið í Háteigskirkju kl. 12:35.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu miðvikudaginn 2. mars nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Einar Karl Haraldsson.